

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 2/1916:

Gísli Hjálmarsson

gegn

Valdemar Kristmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Valdemar Kristmundsson sjómaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni kaupmanni, til greiðslu á 516 kr. 21 e., er hann taldi til skuldar hjá honum. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 2. desember f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 343 kr. 99 aura með 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1915 til greiðsludags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á. og hefir jafnframt lagt fram leyfisbréf til að leggja fram ný sönnunargögn í yfirdómi, dags. 25. jan. þ. á. Krefst hann þess að verða sýknaður af kröfum stefnda gegn því að greiða honum 173 kr. 99 a., og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 19. júní þ. á., og krefst hann þess að allar kröfur sínar fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 516 kr. 21 e. með 6% ársvöxtum frá 25. jan. f. á. til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirrétti eftir mati yfirdómsins.

Krafa stefnda stafar frá því, að hann var bátsformaður hjá áfrýjanda frá því um miðjan maí til nóvemberloka 1914, og bygði hann kröfur sínar í undirrétti að mestu leyti á reikningi óundirrituðum, er honum var fenginn af ráðsmanni áfrýjanda. Áfrýjandi hefir viðurkennt að reikningur þessi sé réttur svo langt sem hann nær, en hann telur hann ekki fullkominn og hefir lagt fram í málinu annan reikning, sem hann krefst að byggt verði á, en samkvæmt þessum reikningi viðurkennir áfrýjandi að hann skuldi stefnda 173 kr. 99 aura, en auk þessarar upphæðar var honum í undirrétti gert að greiða 60 kr. fyrir húsaleigu, er hann hafði fært stefnda til skuldar í reikningi sínum, 10 kr., er hann hafði talið honum greitt 22. desember 1914, og 100 kr. fyrir að fara með mótorbát frá Norðfirði til Reykjavíkur í desember 1914. Krefst áfrýjandi nú að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda um þessar samtals 170 kr.

Stefndi hefir mótmælt því að hann eigi að greiða umrædda húsaleigu, sem á reikningi áfrýjanda er sundurliðuð þannig: 24 kr. fyrir hálf árið 1913, sem gleymst hafi að færa stefnda til skuldar í viðskiftum þeirra það ár, 24 kr. fyrir umgetið ráðningartímabil og 12 kr. fyrir kvenmann.

Það er viðurkennt af áfrýjanda, að stefndi hafi bæði árið 1913 og sumarið 1914 átt að hafa húsnæði með hásetum sínum ókeypis, en áfrýjandi staðhæfir, að þar sem stefndi hafi fengið sérstakt herbergi, hafi hann átt að greiða sérstaklega fyrir það. Þessari

staðhæfingu sinni til styrktar hefir áfrýjandi lagt fram hér fyrir réttinum eftirrit af vitnaleiðslu hér að lútandi. — Um húsnæðið 1913 er það þó eigi sannað, að samið hafi verið fyrirfram um að stefndi ætti að greiða sérstaklega fyrir það, en um húsnæðið 1914 hefir eitt vitni borið, að það hafi heyrt stefnda biðja áfrýjanda um sérherbergi, og láta jafnframt í ljósi að hann vildi vinna til að borga 4 kr. á mánuði fyrir það; þá hafa tvö vitnin borið að stefndi hafi sagt þeim, að hann borgaði leigu eftir þetta herbergi. Með þessum vitnaframburðum verður að telja það sannað, að stefndi hafi skuldbundið sig til að borga leigu eftir herbergið, og þar sem upphæðin virðist eigi ósanngjörn verður að dæma stefnda til að greiða umræddar 24 kr. Hins vegar verður að taka til greina mótmæli stefnda gegn greiðslu á 12 kr. húsaleigunni, með því að það er eigi sannað að hann hafi tekið það herbergi á leigu eða ábyrgst greiðslu á leigunni.

Þá hefir stefndi mótmælt því, að hann hafi tekið á móti þeim 10 kr. er honum eru færðar til útgjalda 22. desember 1914, og með því þessi greiðsla er ekki sönnuð verður krafa áfrýjanda um þennan lið ekki tekin til greina.

Fyrir undirrétti krafðist stefndi að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 100 kr. fyrir að fara með mótorbát frá Norðfirði til Reykjavíkur. Áfrýjandi viðurkendi að stefndi hefði farið með bátinn og átt að fá 75 kr. fyrir það, en jafnframt hefði stefndi skuldbundið sig til að vera formaður á bátnum áfram, en þennan samning hefði stefndi rofið, og ætti að greiða hærri bætur fyrir en umgetnar 75 kr. Áfrýjandi hefir

Þó eigi fært neinar sannanir um samningsrof af stefnda hálfu, og verður því, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, að dæma stefnda kaup fyrir að fara með bátinn, 100 kr., með því sú krafa virðist eigi ósanngjörn.

Í gagnsökinni krefst stefndi þess, að áfrýjandi verði, auk þeirra 343 kr. 99 au., er hann fékk dóm fyrir í undirrétti, ennfremur dæmdur til að greiða sér, 30 kr. + 140 kr., er áfrýjandi hafi ranglega fært sér til skuldar í viðskiftareikningi hans, og smáupphæð til uppbótar á premiu og verði á fiski, sem sér hafi verið reiknað með oflágru upphæð.

Nefndar 30 kr. er leiga fyrir mótorbát frá Norðfirði til Seyðisfjarðar sumarið 1914. Stefndi viðurkennir að hann hafi fengið mótorbátinn, en hann heldur því fram, að áfrýjandi hafi lýst því yfir, að hann ætlaði ekki að krefjast endurgjalds fyrir, enda sé slíkt ekki venja. Þetta er þó ósannað gegn mótmælum áfrýjanda, og verður því að telja stefnda skylt að greiða þessa upphæð.

Þá mótmælir stefndi því, að í umræddum reikningi áfrýjanda eigi að tilfæra 140 kr., er áfrýjandi telur greiddar stefnda 13. maí 1914 upp í væntanlegt kaup hans. Stefndi viðurkennir að visu að hann hafi fengið þessa upphæð greidda, en hann heldur því fram, að þetta hafi verið eftirstöðvar af kaupum hans veturinn áður, því að þá var hann í þjónustu áfrýjanda, en áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að þeim viðskiftum hafi verið lokið að undanteknum 2 kr. 35 aur., sem stefndi hafi átt til góða. Það virðist nú verða að taka til greina staðhæfingu áfrýj-

anda um það, að greiðslan 13. maí hafi átt að vera upp í síðari viðskifti, enda verða hin fyrri viðskifti eigi rannsökuð í þessu máli, er eftir sáttakæru og stefnu snýst aðeins um hin síðari viðskifti.

Krafa stefnda um uppbót á of lágt reiknaðri premíu og fiskverði í desember verður ekki tekin till greina, með því að fyrir henni eru ekki færð næg rök gegn mótmælum áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á þá niðurstöðu, er undirdómarrinn hefir komist að, með þeirri breytingu einni, að frá hinni tildæmdu upphæð, 343 kr. 99 aur., ber að draga húsaleiguna 1914, 24 kr., og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 319 kr. 99 aur. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, en rétt virðist að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði stefnda Valdemar Kristmundssyni 319 kr. 99 aur. með 6% ársvöxtum frá 25. jan. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrétti falli niður, en í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.